

gjaldþaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjaldþagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum, sem renna í sveitar sjóð. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun olíustyrks.

1. gr.

Tekjum af gjaldi, sem lagt var á með lögum nr. 5/1974, skal varið til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða samkvæmt lögum nr. 47/1974 svo sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir tekjur af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., inn á reikning olíusjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Viðskiptaráðuneytið ávísar síðan greiðslum úr olíusjóði til sveitarfélaga og rafveitna, sem teljast eiga rétt á olíustyrk til að draga úr hækkun á hitunarkostnaði íbúða.

Greiðslurnar skulu inntar af hendi fyrir þriggja mánaða tímabil í senn, marsmaí 1974, júní-ágúst 1974, september-nóvember 1974 og desember 1974 — febrúar 1975. Upphæð styrksins til einstaklings og einstakra rafveitna er ákveðinn fyrir hvert tímabil og miðast við stöðu olíusjóðsins þá og fjölda þeirra, sem styrks njóta.

3. gr.

Jafnskjótt og sveitarfélögum hafa borist greiðslur vegna olíustyrks skulu þau úthluta olíustyrk til þeirra íbúa, sem heimilisfastir eru í viðkomandi sveitarfélagi og nota olíu til hitunar íbúða sinna. Greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við oliuupphitun. Oliustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings vegna þeirra sjálfra. Oliustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

4. gr.

Sveitarfélög skulu innan tveggja vikna frá lokum hvers þriggja mánaða tímabils, sbr. 2. gr., gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun. Skal miðað við, að sá, sem styrks nýtur, hafi verið búsettur í sveitarfélaginu meirihluta tímabilsins.

Enn fremur skulu sveitarfélög tilkynna sérstaklega, hve margir lífeyrisþegar eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1974 rétt á $1\frac{1}{2}$ styrk. Skal umbodismaður almanna-trygginga eða skattstjóri á viðkomandi stað staðfesta þær upplýsingar. Um staðfestingu á öðrum upplýsingum sveitarfélaga getur viðskiptaráðuneytið, ef þörf þykir, leitað til viðkomandi bæjarfógeta eða sýslumanns.

5. gr.

Vegna ákvörðunar um styrk til rafveitna, skal orkuver og/eða rafveita senda Orkustofnun eftirtaldr skýrslur innan tveggja vikna frá lokum hvers tímabils, sbr. 2. mgr. 2. gr.:

1. Skýrslu um notkun olíu til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.
2. Skýrslu um heildarorkuframleiðslu á umræddu tímabili, flokkaða eftir því, hvort framleitt hefur verið með olíu eða öðrum orkugjafa.
3. Skýrslu um verð á raforku til hitunar íbúða í desember 1973 og fyrir það tímabil, sem skýrslan á við.

Orkustofnun yfirfer og endurskoðar ofangreindar skýrslur og getur hún krafist hvers konar tiltækra gagna og upplýsinga í þessu skyni. Orkustofnun staðfestir síðan skýrslurnar og sendir þær viðskiptaráðuneytinu, sem tekur ákvörðun um, hvort eða hve mikinn styrk skuli veita til að draga úr verulegri hækkun rafmagns til hitunar íbúða vegna hækkunar á olíu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. maí 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.